

## Starfsþróunarmódel

Menntamálastofnun býður upp á eftirfarandi starfs- og menntaumbótaverkefni.

Um kynningar og innleiðingarferlið sjá sérfræðingar Menntamálastofnunar og er hvert verkefni ætlað sem 1-2ja ára innleiðingarverkefni. Verkefnið er m.a. fræðsla, kynningar, ráðgjöf og handleiðsla einnig er verkefnavinna á vettvangi.



### Leikskóli – Snemmtæk íhlutun er fyrir sveitafélög og leikskóla.

Í innleiðingu á verkefninu er lögð áhersla á að auka þekkingu og hæfni starfsfólks leikskólanna þannig að hvert barn fái íhlutun og kennslu við hæfi og að kennsla í grunnskólum byggji á niðurstöðum og áherslum frá leikskólum. Þannig yrði stuðlað að aukinni samfellu milli skólastiga. Markmiðið er að hámarka árangur allra barna hvað varðar málþroska og læsi því þannig má auka líkur á góðu námsgengi síðar meir og koma í veg fyrir lestrarerfiðleika við byrjun lestrarnáms.

Verkefnið er unnið samkvæmt verkáætlun og samstarfssamningi við sveitafélögin með það fyrir augum að virkja allt lærdómssamfélagið um verkefnið en yfirlit um aðrar afurðir verkefnisins er m.a.



- Innleiðing, verkferill og þjálfun á sérfræðingi MMS sem og tengiliðum í hverjum skóla og sveitarfélagi.
- Fyrirlestrar, handbókarrammi og efni tengt honum á vef sem er lokaafurð hvers leikskóla.

- Efni tengt snemmtækri íhlutun í hnotskurn, flokkunarammi námsefnis, uppbygging málörvunarstunda, yfirlit aldurstengdrar getu í málþroska barna og annað efni tengt verkefninu.
- Fyrirlestrarefni.
- Myndbönd og upptökur sem styðja og útvíkka verkefnið.

Sá lærdómur sem má hafa af þessu verkefni er að það þarf mun meiri kraft í að styðja við leikskóla með starfsþróun alls starfsfólks innan leikskólanna með áframhaldandi vinnu í anda snemmtækrar íhlutunar. Niðurstöður ytra mats á leikskólum og rannsókna á málörvun og málþroska barna sýna að veita þarf frekari ráðgjöf og vinna að starfsþróun er varðar íhlutun í kennslu barna á leikskólastiginu.

Menntamálastofnun hefur hug á að aðstoða sveitarfélög og skóla enn frekar við að innleiða þetta þróunarverkefni með ráðgjöf

